



ÁST FEBRÚAR 2007

Líkingar:

- Ást er eins og súkkulaði: hún er góð
- Ást er eins og súrefni: þú þarft það til að lifa
- Ást er eins og sólin: þú þarft hana til að lifa
- Ást er eins og skóli: maður lærir eitthvað nýtt af henni
- Ást er eins og tunglsljós: hún er falleg
- Ást er eins og sæng: hún er hlý og góð
- Ást er eins og tónlist: hún er lífsnauðsynleg þótt margir vilji ekki viðurkenna það

Spurningar og umræðuefni út frá hugarkortinu:

- Er hægt að elska hluti eins og bíla, hár, hljómsveitir?
- Það er til ýmiss konar ást:
 - Ást á hlutum
 - Ást innan fjölskyldunnar
 - Ást til vinanna
 - Kynferðisleg ást
 - Rómantísk ást
- Ást er illska
 - t.d. þegar fólk er látið giftast einhverjum sem það elskar ekki
 - t.d. þegar kaþólska kirkjan er á móti getnaðarvörnum, samkynhneigðum og hjónaksilnaði.
- Ást er notuð til illsku
 - T.d. þegar illvirki eru framin til að verja fjölskylduna

Framhald í tíma 23. febrúar:

Er hægt að elska sjálfan sig: kona sem giftist sjálfri sér af því að hún vildi sýna ást og virðingu sína til sjálfar sín.

- En það er ekki hægt að skilja við sjálfan sig, af hverju er þá hægt að giftast sjálfum sér?

Er til ást við fyrstu sýn?

- Oft byrjar ást á því að fólk er leiðinlegt við hvert annað, þetta er þá væntanlega ekki ást við fyrstu sýn
- Af hverju er fólk leiðinlegt við hvert annað þegar það er að byrja að verða skotið?
 - Það er hrætt við að sýna ástina
 -

Ást er andstæðan við hatur

- Bæði ást og hatur geta verið órókrétt, t.d. 8 ára hvít stelpa sem lýsir hatri á svörtu fólki

Framhald í tíma 27. febrúar: Er hægt að elska hluti eins og bíla, hár, hljómsveitir?

Fer eftir hvernig bílar, ég gæti elskað Porche en ekki Lödu

- Það sem Porche hefur: fallegur, kraftmikil vél, gott aksturslag, besti bremsubúnaðurinn
- Það sem gamall bleikur Cadillac hefur: hann er flottur

Hvað er að elska bíl?

- Þykir vænt um hann
- Draumur að eignast slíkan bíl
- (Hugsa vel um hann)
- Gerir allt mögulegt með honum, bílnum
- Notar bílinn: keyrir hratt, kemst í torfærur, er þægilegur.....
- Hægt að sýna ást á ýmsa vegu
- Bíll getur veitt “thrill” og lífshamingju

Mótrök:

- Þá væru til bíla-afkvæmi!
 - Samt ekki, það er hægt að elska kött en það skapar samt ekki afkvæmi
- Bíll veitir aldrei neitt tilbaka!
- Ekki beint ást eins og maður sýnir mömmu sinni eða systur

Fer líka eftir því hvaða manneskju er um að ræða

Hvað er að elska tónlist?

- Þarf að vera góð tónlist
- Misjafnt eftir einstaklingum hvað fólki þykir góð tónlist
- Sumum finnst tónlistin skemmtilegri en bílar
- Tónlistin er tjáning á ýmsum hlutum

Að elska? Hvað er það meira en að þykja skemmtilegt, bera virðingu fyrir...?

- Ást er lífsnauðsynleg
 - Tónlist er lífsnauðsynleg, þess vegna elska ég hana
- Að elska hlut er ekki það sama og að elska manneskju – það eru til margar gerðir af ást
 - Manneskja getur sýnt ást tilbaka, ekki hlutir
 - En gefur tónlistin ekki eitthvað tilbaka? Jafnvel bíllinn?
 - Erum við háð því að ástin sé endurgoldin?
 - Getur þú elskað einhvern sem elskar þig ekki á móti?

Framhald í tíma 2. mars: af WIKI